

Bæjarstjórn - 391

FUNDARBOÐ

**391. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 1. október 2020 og hefst kl.
17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2009006F - Bæjarráð - 618

Lögð fram fundargerð bæjarráðs nr. 618, dagsett 17. september 2020

2. 2008001F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 4

Lögð fram 4. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dagsett 13. ágúst 2020.

3. 2008006F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 5

Lögð fram 5. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dagsett 3. september 2020.

4. 2009005F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 6

Lögð fram 6. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dagsett 11. september 2020

5. 2009004F - Skóla- og fræðslunefnd - 177

Lögð fram fundargerð skóla- og fræðslunefndar nr. 177, dagsett 14. september 2020.

6. 2009003F - Skipulags- og byggingarnefnd - 243

Lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar nr. 243, dagsett 14. september 2020.

7. 2009002F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 4

Lögð fram 4. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar, dagsett 10. september 2020.

8. 2009001F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 4

Lögð fram 4. fundargerð velferðar- og jafnréttismálanefndar, dagsett 7. september 2020.

Erindi til kynningar

9. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var miðvikudaginn 20. maí sl.

Fundargerðin hefur jafnframt verið birt á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

10. 2009012 - Áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaga

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi þann 28. apríl 2020 að beina því til samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga að setja á fót greiningarhóp til að vinna að tvíþættu verkefni.

Annars vegar að safna upplýsingum um fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga fyrir yfirstandandi ár og þróun þeirra og horfur og hins vegar að safna upplýsingum um einstaka þætti sem ljóst þykir að muni hafa mikil áhrif á afkomu sveitarfélaganna á komandi mánuðum og misserum.

Tilfnið eru þær aðstæður sem myndast hafa í kjölfar Covid-19 faraldursins en ljóst er að áhrif hans verða mikil á efnahagslífið allt og þar með talið fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Lögð er fram skýrsla sem greinir frá helstu áhrifum COVID-19 á fjármál sveitarfélaga.

11. 2003023 - Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Lögð fram fundargerð 155. fundar stjórnar samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

12. 2009003 - Helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2020

Lögð fram skýrsla sambands íslenskra sveitarfélaga um helstu mál á vettvangi ESB árið 2020 sem varða íslensk sveitarfélög. Í skýrslunni má t.a.m. finna starfsáætlun Framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2020 og helstu aðgerðir ESB í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Þá er einnig fjallað um samstarfsáætlanir ESB og í lokin er fjallað um málefni í tengslum við EES EFTA samstarfið.

13. 2009002 - Árshlutareikningur Jeratúns ehf.

Lagður fram árshlutareikningur Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 01/01-30/06 2020. Einnig er lögð fram fundargerð 61. stjórnarfundar Jeratúns ehf. sem haldinn var sem fjarfundur, mánudaginn 31. ágúst 2020.

14. 2007006 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Lögð fram stöðuskýrsla nr. 4 og 5 til ráðgefandi frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

15. 2009025 - Fundarboð aðalfundar FSS vegna reksturs ársins 2019

Lagt fram fundarboð aðalfundar FSS vegna reksturs ársins 2019. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 29. september kl. 14:30.

16. 2009040 - Haustþing SSV 2020

Lagt fram fundarboð þar sem boðað er til Haustþings Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem fer fram í Dalabyggð föstudaginn 16 október n.k.

17. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst sl.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

18. 2009032 - Tilnefning fulltrúa í starfshóp um stefnumótun og þarfagreiningu úrgangsmála

Lögð fram fundargerð hluthafafundar Sorpurðunar Vesturlands hf. 7. september sl., ásamt erindi til sveitarfélaga í kjölfar fundarins, en á fundinum var samþykkt að fela stjórn félagsins vinna að langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi í samráði við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga fulltrúa í stjórn félagsins.

Þá er lagt fram minnisblað Stefáns Gíslasonar, hjá Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. (Environice), sem unnið var fyrir Stykkishólmsbæ um fram komnar hugmyndir um samstarf við Sorpu bs. um móttöku og jarðgerð lífræns úrgangs frá Vesturlandi sem var til umræðu á hluthafafundinum.

Með fyrirleggjandi erindinu er óskað er eftir að þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn Sorpurðun Vesturalnds hf. tilnefni fulltrúa í starfshóp um stefnumótun og þarfagreiningu úrgangsmála.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að Lárus Ástmar Hannesson verði fulltrúi Stykkishólmsbæjar í starfshópi um stefnumótun og þarfagreiningu í úrgangsmálum.

19. 1904049 - Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2018-2022

Lagt fram að nýju erindi frá Jafnréttisstofu þar sem koma fram ábendingar frá Jafnréttisstofu varðandi viðbætur við jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2018-2022, m.a. að hægt sé að kveða með skýrari hætti á um það hvernig unnið sé að því að bæta stöðu kynjanna í sveitarfélaginu, sbr. 12. gr. jafnréttis laga.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd hefur unnið að endurbótum á áætluninni og samþykkti fyrir sitt leiti á 4. fundi sínum jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar og lagði til að bæjarstjórn samþykki áætlunina.

Bæjarráð samþykkti Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2018-2022 og lagði til að bæjarstjórn samþykki áætlunina.

20. 2005046 - Húsnæðisáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2028

Lögð fram húsnæðisáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2028 sem vísað var til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.

Skipulags- og byggingarnefnd fagnaði á 243. fundi sínum útgáfu húsnæðisáætlunar fyrir Stykkishólmsbæ 2020-2028.

Bæjarráð samþykkti húsnæðisáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2028 á síðasta fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

21. 2009019 - Fjöldahjálparstöð Rauða krossins í Stykkishólmi

Til umræðu er, í samráði við þá er málið varðar, að færa fjöldahjálparstöð Rauða krossins í Stykkishólmi úr Grunnskólanum í Íþróttamiðstöðina þar sem bæði aðstaða og aðkoma er betri þar.

Fjöldahjálparstöðvar eru starfræktar á neyðartímum til að bjóða þolendum náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða öruggt skjól. Þar er þeim séð fyrir helstu grunnþörfum svo sem mat, fatnaði og hútaskjóli. Einnig er gert ráð fyrir að í boði sé ýmis frekari þjónusta svo sem skyndihjálp, sálrænn stuðningur, sálgæsla, ráðgjöf og upplýsingar.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum að færa fjöldahjálpastöð Rauða krossins úr Grunnskólanum í Íþróttamiðstöðina í Stykkishólmi og lagði til að bæjarstjórn staðfesti þá ákvörðun.

22. 2009022 - Brottfall heimildar ráðherra til úthlutunar á skel- og rækjubótum

Í 8. gr. laga nr. 116/2016 um stjórn fiskveiða er tiltekið að taka skuli frá 5,3% aflamagns fyrir úthlutun aflamarks til aflahlutdeildarhafa. Þessu frátekna aflamagni skal ráðstafað til ýmissa þarfa, m.a. til að mæta óvæntum áföllum.

Í apríl 2019 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun þessara aflaheimilda. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra þann 18. febrúar 2020 þar sem m.a. er lagt til að skel- og

rækjubætur falli niður og að gert verði upp við þá handhafa skel- og rækjubóta sem sannað geta að þeir hafi gefið frá sér aðrar aflahlutdeildir í skiptum fyrir skel- eða rækjuveiðileyfi og hafi ekki selt frá viðkomandi heimildir í skel- eða rækju.

Lögð eru fram drög að frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem snertir atvinnu- og byggðakvóta o.fl. Þar er m.a. lagt til að heimild ráðherra til að ráðstafa tilteknu aflamagni í skel- og rækjubætur falli brott en að það aflamagn renni í varasjóð vegna óvæntra áfalla. Lagt er til að þetta verði gert í skrefum á tveggja ára tímabili til að veita handhöfum skel- og rækjubóta tíma til aðlögunar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd taldi, á 4. fundi sínum, mikilvægt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og fyrirtækin öll sem reka útgerð og fiskvinnslu og nýta þær aflaheimildir sem hafa fylgt skelbótunum. Nefndin lýsti fullkominni andstöðu gagnvart þeim áformum sem felast í frumvarpinu sem með litlum fyrirvara gerir ráð fyrir að svipta útgerðirnar aflaheimildum og þar með skerða verulega rekstrargrundvöll fyrirtækjanna.

Þá hvatti atvinnu- og nýsköpunarnefnd bæjarstjórn til þess að beina ályktunum sínum til þingmanna kjördæmisins og sjávarútvegsráðherra um að falla frá þeim áformum sem frumvarpið felur í sér. Tryggja verður til frambúðar þann veiðirétt sem hefur fylgt skelbótunum og festa þær varanlega sem heimildir þeirra skipa sem í dag nýta sér kvótann sem fylgir skelbótunum og var á sínum tíma byggður upp af heimildum sem skipin höfðu í skelkvóta.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar lýsti, á síðasta fundi sínum, yfir fullkominni andstöðu við frumvarp sem boðað hefur verið um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér brottfall heimildar ráðherra til úthlutunar á skel- og rækjubótum. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Með þessum áformum sem felast í frumvarpinu er með litlum fyrirvara gert ráð fyrir að svipta skelútgerðir aflaheimildum og þar með skerða varanlega rekstrargrundvöll fyrirtækjanna. Bæjarráð vill minna á að þegar aflaheimildir í skel voru kvótasettar á sínum tíma voru viðkomandi bátar skertir varanlega í botnfiski á móti og tekið skal undir með starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem lagði til að gert verði upp við handhafa skel- og rækjubóta sem sannað geta að þeir hafi gefið frá sér aðrar aflaheimildir í skiptum fyrir skel- og rækjuveiðileyfi og hafi ekki selt frá viðkomandi heimildir í skel- eða rækju?. Bæjarráð krefst þess að lögð verði til grundvallar í uppgjöri við handhafa skel- og rækjukvóta sú aflahlutdeild sem þeir létu frá sér á sínum tíma.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að skila inn umsögn Stykkishólmsbæjar í samráðsgátt stjórnvalda í samræmi við fyrrnefnda ályktun.

23. 2009026 - Fundargerð 109. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram fundargerð 108. fundar stjórnar FSS ásamt tölvupósti þar sem sérstaklega er vakin athygli sveitarstjórna á 4. tölulið 5. dagskrárliðar fundargerðar stjórnar, þar sem tilgreind er samþykkt stjórnar til innheimtu hlutdeildar hvers aðildarsveitarfélags í 12% stofnframlagi sveitarfélags vegna fjármögnunar byggingar þjónusíbúðakjarna fatlaðra, sem er eingreiðsla sem verður innheimt í upphafi næsta árs.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum hlut Stykkishólmsbæjar í stofnframlagi vegna fjármögnunar á byggingu þjónustuíbúðarkjarna fatlaðra að upphæð kr.

9.373.043 og vísar því til vinnu við fjárhagsáætlun 2021-2024.

24. 2009011 - Umsókn um félagslega íbúð

Lögð fram umsókn um félagslega íbúð. Bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðu mála.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd bókaði, á 4. fundi sínum, ákvörðun sína vegna málsins í trúnaðarmálabók.

Bæjarráð samþykkti úthlutun og færði ákvöðunina í trúnarbók og vísaði úthlutuninni til staðfestingar í bæjarstjórn.

25. 2004022 - Kynningarfundur í Stykkishólmi um frumkvöðlastarfsemi

Til umræðu hefur verið að atvinnu- og nýsköpunarnefnd í samstarfi við bæjarstjórn beitti sér fyrir opnum kynningarfundum um frumkvöðlastarfsemi og hvað þurfi til svo að slík starfsemi geti borið ávöxt.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd kvaðst á 4. fundi sínum reiðubúin í samráði við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að efna til opins kynningarfundar um frumkvöðlastarfsemi. Stefnt verði að því að fundurinn verði haldinn í október 2020.

Bæjarráð fagnaði á síðasta fundi sínum frumkvæði atvinnu- og nýsköpunarnefndar og fól nefndinni að skipuleggja kynningarfund um frumkvöðlastarfssemi í október n.k. í samráði við bæjarstjóra.

26. 2005020 - veiðistjórn grásleppu og fyrirkomulag hrognkelsaveiða

Fyrir bæjarstjórn eru lögð fram drög að breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl.). Í drögunum er m.a. lagt til að ráðherra sé með reglugerð heimilt, að ákveða staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar, þannig að aðeins geti þar stundað veiðar bátar sem skráðir séu frá byggðarlagi við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð bátsins eigi þar heimilisfesti. Setja skal skipum aflahlutdeild í aflamarki og krókaafamarki í grásleppu. Þá er í drögunum gert ráð fyrir að aflahlutdeild einstakra skipa skuli ákveðin á grundvelli veiðireynslu sem fengin hefur verið á leyfi sem skráð er á skipið. Við mat á veiðireynslu skal miða við þrjú bestu veiðitímabil viðkomandi skips frá og með árinu 2013 til og með árinu 2018. Þau skip ein eiga kost á að fá úthlutað aflahlutdeild sem höfðu rétt til leyfis til grásleppuveiða. Í drögunum er lagt til að samnlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, megi aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild í grásleppu en 2%.

Einnig er lögð fram ályktun SSV um endurskoðun á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fagnaði á 4. fundi sínum því ákvæði í drögum að breytingu á lögum um fiskveiðar þar sem lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar, þannig að aðeins geti þar stundað veiðar bátar sem skráðir séu frá byggðarlagi við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð bátsins eigi þar heimilisfesti. Nefndin fagnar einnig því ákvæði í fyrrnefndum drögum þar sem kveðið er á um að setja skuli skipum aflahlutdeild í aflamarki og krókaafamarki í grásleppu á grundvelli veiðireynslu. Þá fagnar nefndin að í drögunum er lagt til að samnlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, megi aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild í grásleppu en 2%.

Nefndin fagnaði einnig ályktun SSV um endurskoðun á fyrirkomulagi hrognkelsaveið.

Bæjarráð tekur undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Á síðasta fundi sínum tók bæjarráð undir ályktun SSV um endurskoðun á fyrirkomulagi hrognkelsveiða þar sem stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hvetur Alþingi til þess að taka til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsveiða, enda skapi núverandi fyrirkomulag sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu. Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og fyrirsjáanleika sem er grunnþáttur í öllum rekstri.

Bæjarstjóra var falið að skila inn umsögn Stykkishólmsbæjar í samráðsgátt stjórnvalda í samræmi við fyrrnefndar ályktanir.

27. 2009033 - Viðauki 3 við Fjárhagsáætlun 2020-2023

Framlagður viðauki 3 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023.

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum viðauka 3 við fjárhagsáætlun 2020-2023 og vísaði til staðfestingar í bæjarstjórn.

28. 2009036 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2021-2024

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021-2024 lagðar fram.

Bæjarráð samþykkti forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2021-2024 á síðasta fundi sínum og lagði til að bæjarstjórn staðfesti þær.

29. 2009043 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagður fram lánssamningur nr.2010_80 frá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt viðaukum milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Stykkishólmsbæjar sem lántaka að fjárhæð kr. 100 milljónir til 15 ára. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. janúar 2021 og í síðasta skipti 5. júlí 2035. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru nú 1,45% árlega en eru breytilegir skv. ákvörðun lánveitanda.

Einnig er lagður fram lánssamningur nr.2010_81 frá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt viðaukum milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Stykkishólmsbæjar sem lántaka að fjárhæð kr. 30 milljónir til 15 ára. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. janúar 2021 og í síðasta skipti 5. júlí 2035. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru nú 1,45% árlega en eru breytilegir skv. ákvörðun lánveitanda.

30. 2009045 - Hugsanleg breyting á heilbrigðiseftirlitssvæðum

Lagt fram erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins um hugsanlega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum.

31. 2009052 - Ungmennaráð Vesturlands

SSV óskar eftir staðfestingu eða nýjum tilefningum um fulltrúa í Ungmennaráði Vesturlands

32. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Framlagðir minnispunktar bæjarstjóra.

29.09.2020

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.